

Krigen

Höfundur texta: Gro Dahle

Höfundur mynda: Kaia Linnea Dahle Nyhus

Forlag: Cappelen Damm, 2017

Tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2014

Söguþráður: Áður var öruggt og notalegt heima hjá Ingu en dag einn verða mamma hennar og pabbi óvinir. Pabbi er kominn með nýja kærustu. Foreldrar hennar rífast. Ingu líður eins og stríð hafi brotist út. Þetta er stríð mömmu og pabba en það leiðir líka til þess að fjölskylda Ingu og litlu bræðra hennar skiptist í tvennt þegar foreldrarnir skilja.

Efnisorð: fjölskylda, skilnaður, sorg, óvinátta, stríð, tilfinningar, tilfinningatjáning

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið fyrstu myndirnar í bókinni saman. Hvað eru þau að gera? Hvernig líður þeim? Teiknaðu andlit út frá myndunum í bókinni. Hvaða litir finnst þér passa fyrir manneskju sem er glöð? Hvaða litir passar manneskju sem er reið eða hrygg?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu forsíðu bókarinnar. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Skoðaðu myndirnar af fjölskyldunni í bókinni. Hver býr í húsinu?
3. Flettið áfram og skoðið andlitin. Hvernig erum við á svipinn þegar við verðum leið? En þegar við verðum reið? Eða þegar við verðum aftur glöð? Getið þið sýnt mismunandi tilfinningar með andlitinu og líkamanum?
4. Klippið út og litið grímu sem tjáir tilfinningu.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðaðu forsíðu bókarinnar. Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið „stríð“? Hvaða hugsanir koma upp í hugann þegar þú skoðar myndirnar framan og aftan á bókinni?
2. Aftan á bókinni stendur: „Þetta er stríð mömmu og pabba.“ Hvers konar stríð heldurðu að átt sé við?



Hvernig særst fólk eða veldur öðru fólki vanlíðan í stríði án vopna?

3. Leitaðu að texta í bókinni sem er með takti. Lesið og hlustið saman. Hvers konar andrúmsloft skapar þessi texti? Skriðið eða teiknið orð eða tákni sem mynda takt út frá textanum.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Skoðaðu myndirnar í bókinni. Hvað er að gerast? Hvernig er sagan sögð?
3. Lestu textann. Ingu finnst það vera sér að kenna að foreldrarnir rífast. Hvað finnst þér? Öll nema Inga virðast tala saman eins og venjulega, brosa og hlæja eftir að þau eru flutt sundur á tvö heimili. Hvernig heldurðu að henni líði? Skoðaðu öftustu opnuna. Hvernig haldið þið að Ingu líði núna? Um hvað haldið þið að hún sé að hugsa?
4. Skoðið persónurnar í bókinni og hvernig veður, hlutir, litir og mynstur geta tjáð tilfinningar þeirra og andrúmsloft. Teiknið eða málið mynstur sem tjáir reiði og annað sem tjáir gleði með hugmynd úr bókinni.

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:
Oravien sota. Höfundar: Riina Katajavuori og Martin Baltscheit

MÁLAMOLI

"Stríð og friður"

sænska	danska	norska	islandsk	færeyska	grænlenka	finnsk	norðursamíska
Krig och fred			Stríð og friður			Sota ja rauha	
	Krig og fred			Kríg og friður			Soahti ja ráfi
		Krig og fred			Sorsunneq eqqissinerlu		



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)